

Mál nr. 8/2011**M****og****Vátryggingafélagið X v/heimilisstryggingar (slysstryggingar)**

Fall úr lausum stiga er M hugðist laga loftnet 12.12. 2008, ágreiningur um ölvun og hvort um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.01. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.02. 2011, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Lögreglan lætur þess getið m.a. að svalagólfíð þar sem stiginn hafði verið reistur er flísalagt og var snjór yfir og því hálta er óhappið varð. Fram kemur og að áfengislykt hafi verið frá vitum M er lögreglan átti orðaskipti við hann sbr. gögn málsins.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu það telur að rekja megi tjónsatburð máls þessa til ölvunar M og stórkostlegs gáleysis.

M lætur þess m.a. getið að hann hafi fengið sér áfengi eftir óhappið til að lina verki.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að rekja megi slys M til ölvunar hans eða stórkostlegs gáleysis. Engin mæling fór fram á áfengismagni í líkama M og ekki er unnt að staðhæfa að óvarlegt hafi verið að setja stiga upp með þeim hætti sem gert var. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að veður hafi verið það slæmt að óvarlegt hafi verið af M að ætla uppá þak hússins til að laga loftnet.

Með hliðsjón af ofanrituðu er greiðsluskylda fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 22. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.